



B.t. Fræðslunefndar

Reykjavík, 5. maí 2021

Efni: Skólar á grænni grein – framúrskarandi menntaverkefni í átt að aukinni sjálfbærni

Kæru fulltrúar fræðslunefndar,

Tilgangur þessa bréfs er að vekja athygli á verkefninu Skólar á grænni grein (Grænfánaverkefnið) sem rekið er af Landvernd hér á landi og um 200 skólar á öllum skólastigum taka þátt í. Um er að ræða alþjóðlegt menntaverkefni fyrir skóla sem vilja virkja og valdefla nemendur til góðra verka í sjálfbærni- og umhverfismálum. Verkefnið er rekið alþjóðlega af samtökunum *Foundation for Environmental Education* (FEE) og taka um 50 milljónir nemenda í 68 löndum þátt.

Skólar í verkefninu vinna samkvæmt stefnunni menntun til sjálfbærni sem miðar að því að efla gildi, hæfni og getu einstaklinga til að stuðla að sjálfbærri þróun innan samfélaga. Stuðlað er að valdeflingu og getu nemenda til aðgerða sem er einnig góð leið til að minnka loftslagskvíða. Hlúð er að friðsamlegri menningu, mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.

Þessi stefna fellur vel að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en í markmiði 4.7 er kveðið á um að:

Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar (un.is).

Stefnan fellur einnig vel að aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla en sjálfbærni er einn af grunnþáttum aðalnámskrár og eru skólar hvattir til að tileinka sér menntun til sjálfbærni í skólastarfi.

Ávinningur sveitarfélaga

Skólar um allt land taka þátt í margskonar stærri skólaverkefnum og falla flest þeirra undir áherslur Skóla á grænni grein og er auðvelt að flétta þessum verkefnum saman. *Barnasáttmálinn* er hafður að leiðarljósi og lögð áhersla á að nemendur hafi sjálfir áhrif á framgang og framkvæmd verkefnisins. Þar sem nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið er skólabragur lýðræðislegri. Skólar sem setja sér markmið um að minnka kolefnislosun og auka kolefnisbindingu og vinna þannig að því að uppfylla *Parísarsamkomulagið* og *Aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum*. *Heilsueflandi skólar* vinna að

markmiðum um lýðheilsu. Skólar sem taka *Græn skref í ríkisrekstri* innleiða græna hugsun í rekstur skólans. *Réttindaskólar Sameinuðu þjóðanna* vinna að hnattrænu jafnrétti, auk Heimsmarkmiðanna.

Ávinningur sveitarfélaga er því margþættur. Skólar á grænni grein vinna að því að uppfylla bæði innlendar og alþjóðlegar skuldbindingar sveitarfélaga og ríkis um menntun til sjálfbærni auk þess sem öll vinna við verkefnið tengist ákvæðum aðalnámskrár og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Sveitarfélög geta jafnframt sparað umtalsvert í rekstri, en könnun sem gerð var meðal skóla í verkefninu sýndi fram á að grunnskólar spara að meðaltali 20% í kostnaði við úrgangslausun og leikskólar 30%.

Það er einfalt að taka þátt

Verkefnið byggir á skrefunum sjö sem eru einföld, skýr og þægileg leið til að vinna að sjálfbærni í skólastarfi. Þungamiðjan í öllum skrefunum eru nemendurnir og því mikilvægt að þeir séu virkir þátttakendur í framkvæmd þeirra. Til að stíga skrefin sjö þurfa skólar að:

1. stofna umhverfisnefnd,
2. meta stöðu umhverfismála innan skólans,
3. setja skólanum markmið og vinna að þeim,
4. framfylgja markmiðum og fylgjast með árangri,
5. vinna verkefni sem tengjast þeim og markmiðum,
6. upplýsa aðra um stefnu, markmið og þemu (t.d. virkja sveitarfélagið með) og
7. búa til umhverfissáttmála og/eða umhverfisstefnu

Þegar skólar hafa uppfyllt skrefin sjö fá þeir að flagga grænfánanum til tveggja ára. Það er skemmtilegt að fá verðlaun fyrir vel unnin störf í átt að aukinni sjálfbærni.

Það er ljóst að til að leiða samfélög í átt að aukinni sjálfbærni þurfa að eiga sér stað breytingar á viðhorfum, gildum og lífsstíl. Íslendingar tilheyra hópi þjóða sem eru með hæsta vistsporið. Það er því okkar skylda að breyta lífnaðarháttum í átt að aukinni sjálfbærni og er menntun einn lykkillinn á þeirri vegferð. Sameinuðu þjóðirnar hafa kallað eftir því að menntun til sjálfbærni verði fléttað inn í skólastarf um allan heim. Hér á landi er ákvæði um menntun til sjálfbærni í aðalnámskrá. Þrátt fyrir það hefur stefnan ekki verið innleidd nema að litlu leyti í skóla hér á landi. Skólar á grænni grein eru tilvalið tæki til að auðvelda þessa innleiðingu og hefur verkefnið verið útnefnt af UNESCO sem helsta innleiðingartæki menntunar til sjálfbærni í heiminum í dag.

Á vefsíðu Skóla á grænni grein (graefaninn.is) er að finna frekari upplýsingar um verkefnið.

Með vinsemd og virðingu,

Katrín Magnúsdóttir

Verkefnisstjóri *Skóla á grænni grein*

katrin@landvernd.is og graefaninn@landvernd.is